

Fundargerð

312. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps

Mánudaginn 20. september 2010, kl.15:15

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Fundargerð er rituð á tölvu og er hún 1 blaðsíður á lengd.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Sveinn Ragnarsson, Eiríkur Kristjánsson, Andrea Björnsdóttir og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð.

Gústaf Jökull setti fundinn og fór yfir dagskrána.

Dagskrá:

1. Ráðning sveitarstjóra.

Eftirfarandi bókun samþykkt:

Á fundi hreppsnefndar 9. september sl. var oddvita og varaoddvita falið að ganga til samninga við umsækjandann Gylfa Þór Þórisson (GÞÞ) um stöðu sveitarstjóra. Áður en frá samningi var gengið fékk hreppsnefnd upplýsingar um að bú GÞÞ hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta í lok apríl sl., en umsækjandi hafði ekki látið þessa getið í umsókn sinni. Af þessum ástæðum ákveður hreppsnefnd að afturkalla ákvörðun sína um að ganga til samninga við GÞÞ. Hreppsnefnd mun að nýju fara yfir allar umsóknir um starfið með það að markmiði að velja þann hæfasta sem kostur er á.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:25